

Félagsráðgjafafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/701
komudagur 12. 8. 2009

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 07. ágúst 2009

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn (Þskj.142-113. mál).

Félagsráðgjafafélag Íslands (hér eftir FÍ) fagnar frumvarpinu og telur það geti á margan hátt samræmt og einfaldað núgildandi lög og ákvæði um heilbrigðisstarfsmenn. Í heildina er hér um ágætis og þarft frumvarp að ræða. Til þess að rammalöggjöfin verði markvissari, hnitmiðaðri, nútímalegri en áður og að starfssvið heilbrigðisstétta geti þróast með eðlilegum hætti innan ramma löggjafar er nauðsynlegt að viðeigandi reglugerðir komi eins fljótt og auðið er, annars er hætt við að þróun verði marklaus og jafnvel til baka fyrir notendur heilbrigðisþjónustu.

Mörkin milli löggiltra heilbrigðisstétta eru ekki alltaf skýr og eðli málsins vegna er það ómögulegt. FÍ hefur um nokkurt skeið talið þörf á því að breyta núgildandi Lögum um félagsráðgjöf nr. 95/1990 til að skerpa á efnislegri lögverndun starfssviðsins. Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn tekur ágætlega á þessum vanda en með 5. gr. frumvarpsins er mögulegt með reglugerð, sem meðal annars fjallar um starfssvið viðkomandi heilbrigðisstéttar og afmörkun, að skerpa efnislega lögverndun. Stjórn FÍ óskar eftir að koma að vinnu við reglugerðir sem framundan eru. FÍ leggur áherslu á nauðsyn þess að reglugerðir verði settar á eins fljótt og kostur er.

FÍ hefur áður gert athugasemd við frumvarpið á fyrri stigum og harnar að ekki sé tekið tillit til þeirra nú á lokastigi og ítrekar hér með athugasemdir varðandi skilgreiningar og faglegar kröfur.

Athugasemdir FÍ við einstakar greinar frumvarpsins eru eftirfarandi:

Félagsráðgjafafélag Íslands

2. gr. Skilgreiningar.

Til samræmis við þær athugasemdir sem FÍ gerði við frumvarp til laga um sjúkraskrár (Þskj. 205 – 170. mál) og í ljósi þess að á Íslandi eru alls 32 heilbrigðisstéttir verður að teljast eðlilegast að skilgreining á heilbrigðisþjónustu taki mið af því. Lagt er til að breyta orðalagi um heilbrigðisþjónustu sem hér segir:

Skilgreining Heilbrigðisþjónustu samkvæmt frumvarpi:

Heilbrigðisþjónusta: Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.

Skilgreining Heilbrigðisþjónustu – Breytingartillaga stjórnar FÍ:

Heilbrigðisþjónusta: Hvers kyns þjónusta heilbrigðisstarfsmanns, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar og hjálpartækjaþjónusta sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.

5. gr. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

FÍ fagnar sérstaklega að fjallað verði um í reglugerð starfssvið viðkomandi heilbrigðisstéttar og afmörkun þess. FÍ leggur áherslu á að reglugerðin komi eins fljótt og kostur er.

13. gr. Faglegar kröfur.

Að mati FÍ er ástæða til að tilgreina hér Siðareglur í lögum. Flestar heilbrigðisstarfstéttir hafa sínar eigin siðareglur og er full ástæða að minnst á það í lögum að séu siðareglur fyrir hendi beri heilbrigðisstarfsmanni að fara eftir þeim. Er það bæði starfstéttinni til heilla en eykur einnig öryggi sjúklinga og gæði þjónustu.


Önnur málsgrein í fyrirbyggjandi frumvarpi:

Heilbrigðisstarfsmanni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og fara nákvæmlega eftir henni, tileinka sér nýjungar er varða starfið og kynna sér þau lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma.

Önnur málsgrein – Breytingartillaga stjórnar FÍ:

Heilbrigðisstarfsmanni ber að þekkja skyldur sínar, siðareglur, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og fara nákvæmlega eftir henni, tileinka sér nýjungar er varða starfið og kynna sér þau lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma.

f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands,


Sveindís Anna Jóhannsdóttir, félagsráðgjafi,
fulltrúi í stjórn FÍ